



Borgarráð

Bæjarflöt 9 og Gylfaflöt 15, úthlutun lóða og sala byggingarréttar.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Urðarseli ehf. kt. 671113-0390, Logafold 35, 112 Reykjavík, tveimur samliggjandi lóðum við Bæjarflöt 9 og Gylfaflöt 15 og selja byggingarrétt á þeim í samræmi við niðurstöðu útboðs sem lauk þann 17. nóvember 2017. Leyfilegt byggingarmagn hvorrar lóðar um sig er 1.100 fermetrar eða samtals 2.200 fermetrar á báðum lóðunum. Verð beggja lóðanna er kr. 110.309.020.- þar af er gatnagerðargjald kr. 44.129.800.- og er greitt fyrir byggingarréttinn kr. 66.179.220.- Lóðirnar eru skilgreindar sem atvinnulóðir.

Greiðslufrestur er 45 dagar frá því að borgarráð staðfestir úthlutun lóðarinnar. Verði ekki af greiðslu kaupverðs byggingarréttarins í samræmi við ofangreint innan tilskilins frests eða ef að vanskil verða á einstökum gjalddögum kaupverðsins getur það varðað riftun á sölu byggingarréttarins og afturköllun á úthlutun lóðar. Sama á við ef framkvæmdafrestir eru ekki virtir.

Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá því í júní 2013. Lóðarhafa er heimilt að framselja rétt sinn með leyfi borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út. Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst.

Fráveituheimðagjald er innheimt af Veitum ofh. skv. gjaldskrá.

Ef samþykktar verða stærri byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni skulu byggingaleyfishafar greiða auk viðbótargatnagerðargjalds, uppreiknað kaupverð byggingarréttarins fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar.

Lóðin er afhent í núverandi ástandi sem lóðarhafi hefur kynnt sér og sættir sig við. Að öðru leyti gilda um lóðina almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar frá júní 2013, sjá hér reykjavik.is/lodir og deiliskipulagsskilmálar fyrir Bæjarflöt 9 og Gylfaflöt 15 í Reykjavík sem hægt er að skoða á vefnum: http://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplýsingar/DSK_PDF/Baejarflot_9_11_08_12_2016.pdf

Nánari ákvæði verða sett um leigu fyrir lóðina í lóðarleigusamningi þar sem nánar er kveðið á um lóðarstærð í samræmi við mæliblað. Lóðarleigusamningur verður gerður við lóðarhafa þegar lóðin er greidd.

Hrólfur Jónsson

